GIN PILLS FOR THE KIDNEYS

Höfuðverkir, bakverkir, þvagteppa, þvaglát og önnur hættuleg merki um nýrnasjúkdóma, munu brátt hverfa, ef GIN PILLS er notað reglulega. Þær kosta 50 cents í öllum lyfjabúðum og og lyfsöluverzlunum.

National Drug & Chemical Company of Canada, Limited
TORONTO — — — CANADA 78

Helztu tilgátur o.s.frv.

(Frh. frá 3 bls.)

dauðum efnum. Hann segir svo sjálfur árið 1877: "I því nær tuttugu ár hefi eg nú *drangurslaust* leitað *að* uppruna lífs og lifvera, er eigi ættu sér lifandi foreldri. — Afleiðingarnar af slíkri uppgötvun hlytu að verða stórvægilegar bæði fyrir líffræðilisfræði, læknisfræði og heimspeki —".

Hinar fjölmörgu tilraunir er Pasteur gerði til þess að leita að sjálfkrafa lifkveikju, urðu einmitt til þess að sýna og sanna, að hún gat eigi átt sér stað. Þær færðu órækar sönnur á það, að engin rotnun getur myndast í efni, engin gerð komist í vökva, ef svo er um búið, að loft nái eigi að að komast. — Var þar með sýnt og sannað, að rotnunar- og gerðarefnin væru lifverur — frjó eða gerlar, er kæmu úr loftinu, en kviknuðu alls eigi í því efni sjálfu, sjálfkrafa, er rotnun eða gerð hljóp í.

Þó að tilgátur og ætlanir Grikkja um skyndilifgun yrðu í rauninni svona langæjar og sagt hefir verið, urðu þó ýmsar breytingar á þeim með tímanum, og þær sumar svo gagngerðar, að nýjar hugmyndir um uppruna lifvera spruttu upp af þeim.

Framh.

Prentvillur hafa orðið í ávarpi til Jóninu S. Mýrdal er kom í 8. tölublaði "Heimskringlu" þann 25. nóv. eftir mig. Í 2. erindi 4 línu stendur: Alt fyrir liðið þökkum þér, á að vera: Alt fyrir liðið, þökkum vér, í 4 línu í síðasta erindinu stendur: lyfta sál af dauðablund, á á að vera: doðablund; og í sjöttu línu sama erindi stendur: vonin sér fær aukið gaman, á að vera: vonin sú o. s. frv.

J. H. Húnfjörð.

Himnaför mín.

Eitt af mínum mestu áhugamálum hefur verið að geta skilið hvernig að meðvitund og persónuleiki mannsins geti haldist eftir dauða líkamans, liffæra hans og skynfæra, sem sálin notar fyrir áhald til að afla þekkingar og skapa sjálfa sig eftir eigin vild. Þetta áhugamál mitt og þessa miklu gátu hefi eg enn þá ekki getað skilið eða ráðið, og hefi þó lagt fram öll mín andans öfl til þess að reyna að skilja og biðja um

Hér er aðferðin til að lækna kviðslit.

Undraverð hómeðal sem sérhver getur notað við kvaða kviðslit er stóru eða smáu.

Kostar ekkert að reyna.

Kviðslitið fólk um alt landið undrast yfir hinum merkilegu afleiðing er þessi einfalda aðferð við kviðsliti, sem er send, ókeypis til allra sem skrifa eftir henni, hefir þessi einkennilega kviðslitaaðferð er mesta blessun sem býðst kviðslitnum mönnum, konum og börnum. Það er alment álitið langbezta aðferðin sem fundin hefir verið upp, og gerir notkun á umbúðum ónauðsynlega.

Ekkert gerir hve slæmt kviðslitið er eða hve lengi þér hafið haft það. Ekkert hve margar tegundir af umbúðum þér hafið notað, látið ekkert hindra yður frá að fá þessar ókeypis Lækningar. Þó að þér haldið að hér sé að óleknandi, eða hafið hnefastórt kviðslit. Mun þessi einkennilega aðferð halda því svo í skefjum að þér undrist yfir töframagni hennar. Hún mun fæða holdið þar sem kviðslitið er, svo í samt lag að þér munuð innan skams geta stundað hvaða vinnu sem er eins og þér hafið aldrei verið kviðslitinn.

Þér getið fengið ókeypis reynslu á þessu ágæta styrkjandi meðali með því að eins að senda nafn og áritan yðar til W. A. COLLINGS, Inc., 370 C. Collings Building, Watertown, N. Y. Sendið enga peningu. Reynslan er ókeypis. Skrifið nú í dag. Það getur freistað yður frá að ganga með umbúðir það sem eftir er ævinnar.

Hin íslenzka fegurðarglíma.

Sögulegur atburður.

Þá fornu fegurðarglímu
Var fjöldi kominn að sjá.
Það rifja eg upp í rímu,
Sem réttast eg veit og sá.

Þeir heilsuðust, héldust í brækur
Og hringuðu sig í keng;
Sá landi, sem lært hafði bækur
Á latínu, glímdi við dreng.

Og þessi glímugarpur,
Sem var getinn í Reykjavík,
Var bragðaskjótur og skarpur
Og skrýddur strigaflík.

Og strengdur striginn virtist,
Sem stórsegl þanið af vind;
Á brókaísetu birtist
Af botninum upphleypt mynd.

Og stúlkurnar sögðu að strigi
Ei stæðist slíka raun
Til lengdar, sem reyndist ef lýgi
Að lokum, en sannleiksbaun.

Þá skeði, sem ekki var undur,
Hver ungmey hljóp, en var sein,
Því brækurnar brustu sundur,
Í bert að aftan skein.

Og hefði 'inn hrausti í taugum
Það hugleitt, hvað vel var glímt
Og séð sig með annara augum
Að aftan, þá hefði 'ann kýmt.

Með beran afturenda
Hann ofan á hinum lá.
Og fegurðarlínur hans lenda
Þær leyndu sér ekki þá.

Og frægri en aðrir er hann.
Hver annar sigur vann
Svo beran, svo opinberan
Og bersýnilegan, sem hann?

Á sögninni sízt er vafi,
Sem segir, að þarna fyrst
Við Jóhannes Jósefsson hafi
Hann jafnast í sinni list.

Gutt. J. Guttormsson.

ábyggilega opinberun. Arangurinn af þessari þrá minni, hefir samt orðið sá að í dag féll eg í svefn eða í eitthvert meðvitundarlaust ástand. Mig dreymdi eg væri að hugsa um að til þess að fá uppfylta þrá mína mundi vera eini vegurinn að deyja, láta sálina skilja við líkamann, og þá mundi mér verða mætt af vini, sem gæfi mér allar upplýsingar um þetta mál. Og af því eg fann að þetta hlaut að vera óyggjandi vissa, þá náði trúin öllu valdi yfir mér og á vængjum hennar, tók eg mig út úr íbúð minni, og flaug á leið til næstu vistarveru. Eftir litla stund sé eg að eg er kominn nærri takmörkunum þar, sem umhverfi það er eg hefi lifað í þrýtur, og annað umhverfi blasir við mér. Á milli þessara umhverfa er óljós en þó ákveðin lína, og þar stansa eg til að átta mig.

En á sama augnabliki mætir mér þar lifandi vera, í konugerfi, frábærlega fögur og tignarleg klædd fögru skrúði með litblæ morgunroðans. Veran ávarpar mig og nefnir mitt rétta nafn. Hún segist vera komin til að mæta mér og leiðbeina mér. Hún segist þekkja mig vel og oft hafa verið verndari minn og styrkur í lífinu á tímum freistinganna og annars andstreymis. Hún segist vera minn rétti helmingur til að þreyta áfram þroskunarleiðina í gegnum öll lifsstigin að marki fullkomnunarinnar. En af því minn tími sé enn þá ekki kominn til að yfirgefa lifið eða mitt tilveru svið, þá verði eg að sætta mig við að sjá að eins ofurlitið sýnishorn af því, sem eg eigi í vændum. Hún talaði í svo blíðum en þó alvarlegum róm, og með svo göfugri framkomu að eg varð hrifinn af hennar persónulegu fullkomnun, svo mér varð örðugt að átta mig á kringumstæðunum, eða hvernig eg skyldi svara henni.

Eg tók samt til máls og lýsti fögnuði mínum yfir að hafa náð persónulegu sambandi við hana, með fullri meðvitund, og hvilikrar sælustundar eg hefði nú notið, bæði af návist hennar og af þeirri framtíðar sæluvissu sem eg ætti í vændum.

Hún tekur þá til máls: Ástæðan til þess að eg get ekki tekið þig með mér núna vinur minn, er að þú átt eftir að vinna upp mikil efni í líkama þínum og liffærum, sem þú ættir að nota til þess að safna þeim sálarefnum er gildi hafa í framtíðarlifinu, og líka áttu að verja þeim til að bæta meinsemdir annara samferðamanna þinna. Þetta ættu auðvitað allir að gjöra, og þetta er lögmálið, sem allir verða að hlýða, hvort sem þeir verja lifinu vel eða illa. Notaðu vel tímann sem þú átt eftir, til að afla þér þeirrar þekkingar, sem gildi hefir í gegnum framtíðar þroskasviðin, svo samleið okkar gangi greiðara. Eg vil af öllum mætti reyna það, hugsaði eg, en mig tekur það svo ósegjanlega sárt að þurfa að skilja við þig aftur ástin mín, sem eg hefi þráð alla mína æfi. Það verður ekki lengi segir hún og hvert okkar verður að afljúka sínu hlutverki. Eins heitt og þú þráir mig eins heitt þrái eg samvist þína, ást okkar hvers til annars er jöfn frá báðum og við getum því bæði, myndað samræna sál.

Athugaðu nú vinur minn það, sem þú sérð framundan þér, það er næsta stigið, þú ert hér á takmörkum heimanna, lengra kemst þú ekki í þetta sinn. Hagnýttu þér því vel útsýnið það, sem fyrir framan þig er, inn í hinn nýja heim.

Eg fór þá að litast um í allar áttir, bak við mig sé eg gamla bústaðinn minn jörðina í mikilli fjarlægð. En framundan sé eg í fyrstu að eins takmarkalausa blámóðugeima. Athugaðu nær þér segir félagi minn, og þá fer eg að sjá óljósar myndir af einhverjum veruleika, sem bráðlega varð að nýrri jörð, sem er frábærlega fögur yfir að líta. Fyrst frá línunni er sléttur flötur nokkuð langan veg, svo byrjar liðandi brekka öll sett láréttum stöllum og flötum, sem likist reglubundnum stiga. Þessi brekka með sama landslagi endar í mikilli fjarlægð, með þokubelti er smá dreifðist með fjarlægðarstigunum unz efri rönd þess rennur inn í himinblámann.

Á þessum nefndu bekkjum og neðsta fletinum eru allskonar mannvirki og byggingar af öllum tegundum sérstaklega eru stórhýsi skólanna eftirtektaverð.

Inn á þessu landi sé eg næst margskonar líf og hreyfing. Af þessum hreyfingum ber ein tegundin langt af öðrum, og vakti hún sérstakt athygli mitt. Þessi lifstegund kom mér fyrst fyrir sjónir eins og smáir hnöttóttir og hálf gegnsæir þokuhnoðrar, en hafa þó mjög mismunandi stærð. Leiðtogi minn sá að eg undraðist yfir þessari sjón og segir: Athugaðu betur, þetta eru sálir mannanna, hér sér þú áruna þeirra, og við nánari aðgæslu muntu sjá í kjarnanum persónuleika eða manninn sjálfan.

Eg sé vinur minn, að þú þráir betri skýringar. Eins og þú veist, er öll tilveran efni, ekkert er til án efnis, en efnið er í óteljandi mismunandi ásigkomulagi, frá mesta þéttleika og efnisþyngd til mestu útþenslu alefnisins, frumstofni tilverunnar, sem hefur hvorki upphaf né endir.

Á því tilveru stigi, sem skynjanir mannanna geta gripið, eru efnin á sinu mesta þéttleika stigi, en svo vita menn nú orðið af ýmsum efnum fyrir utan skynjunarsviðið, og þar á meðal það eða þau efni, sem menn skapa úr hugsanir og hugmyndir sinar, þau efni sem persónuleiki eða sál mannsins er sköpuð úr. Þessi efni eru tekin af næsta tilverustigi, þess vegna leysist ekki sálin eða persónuleikinn upp með líkamanum. Hún fer inn á sitt eðlilega efnissvið, í því ásigkomulagi, sem hún hefir skapast í jarðlifinu.

Eins og þú vinur minn hefir þegar séð af kynningunni á þessu sviði, verða svo sálirnar að skapast og undirbúast hér fyrir næsta tilverustig. Þessi sama regla eða lögmál gildir gegnum öll tilverustigin á þroskaleið sálarinnar, að æðstu fullkomnun hennar.

Eg sé segir félagi minn, að þig langar til að sjá einhvern vin þinn, sem hingað er kominn. Við skulum þá færa okkur eftir linunni og athugaðu myndirnar eða kjarnann í sérhverjum sálarhnoðra. Þegar við höfðum farið dálitinn spöl, sé eg að kjarni eins sálarhnoðrans er gamall vinur minn, sem hafði til skamms tíma haft verkstæði og verzlun. Mig langaði til að fara að tala við hann, en þess var enginn kostur. Eg fór þá að athuga myndirnar, sem eru efnin í sálinni hans, og hvað sé eg? Það sem mest á ber þar er sölubúðin hans með öllum þeim varningi, skápum, borðum og öðru ásigkomulagi. Eg sé einnig heimili hans konu og börn og ennfremur útsýnið yfir bæinn og nágrennið. Litið eitt sé eg af óljósum myndum utan við hans daglega sjóndeildarhring. Svo sé eg myndir tilfinninga hans og hvata, og yfir höfuð alla sálina hans, og kom mér þá í hug, skyldi ekki meginið af þessum myndum hafa litið gildi á framsóknarleið sálnanna. Af þessu, sem þú hefir séð, segir veran, getur þú skilið að þessir sálnahnettir eru smá myndir af öllum þeim efnum sem sálirnar hafa myndast úr í jarðlifinu. Öll þekking og andlegt útsýni þeirra, tilfinningar, hvatir og allar minningar þeirra. Sérhver sál er hér opinber auglýsing af sjálfri sér, enginn getur dulist fyrir öðrum.

Öll þau sálarefni, sem myndirnar tákna hafa mismunandi eðlisþyngd. Þær myndir sem að eins höfðu gildi fyrir jarðlifið halda sálunum hér á lægsta fletinum, og við þessar efnisþyngdir þurfa sálirnar að losna, til þess þær geti komist áleiðis á framsóknarveginum. En um leið verða þær að draga til sín hin léttu efni frá næsta tilverustigi, og skapa úr því sínar nýju sálarmyndir, sem fleyta sálinni yfirum næstu takmarkalínuna.

Nú er þá þessi samfundur okkar á enda kæri vinur minn. Þú hefir þegar séð inn á framtíðar sviðið næsta, og á því verður þú að byggja skilning þinn og ályktanir um framhald lifsins, notaðu vel tíma þinn, næstu samfundir verða oss fagnaðarrikir frelsis og fullsæludagar, vertu sæll vinur minn, og um leið hún endaði ávarpið hvarf hún mér út í himinbláman, og allar sýnirnar sömuleiðis. Sjálfur náði eg bráðlega minni vamalegu meðvitund um lifið og veruleika þess.

Trúin, sem flutti mig út yfir jarðlifssvið mitt hafði sín takmörk, hún gat ekki breytt lögmáli tilverunnar. Eg varð að hlýða því. Þó lausnarþráin min og ástarböndin væru sterk, er þó alveru lögmálið en sterkara, því það er óumbreytanlegt.

Hvaða ályktun get eg svo dregið út af þessari vitrun minni? Sálin eða persónuvera mannsins er lifseind eða frækorn, sem hafa þá eðliseinkunn að draga að sér eðlileg næringarefni og þroskast upp í fullkomna líkamlega og andlega mynd. En af því að efnin sem sálina mynda, eru tekin af sviði hinna léttu og ósýnilegu efna af öðru tilverustigi, hljóta þau að fljóta þangað þegar þau skilja við líkamann, og með því færist sálin inn á annað tilverusvið. Og ef að sjálfsmeðvitundin og persónuleikinn heldur áfram inn á þetta svið, sem miklar likur eru til, þá er gátan að fullu ráðin, því sama lögmálið hlýtur að ráða á öllu framhaldinu, þar til sálin sameinast aftur hinni alfullkomnu alheimssál, sem er fullkomnunar ásigkomulag mannsandans, þar sem allar meðvitundar og skynsemigæddar lifsverur komast í fullkomið heildarsamræmi. Þar sem alvizkan, almættið og algæskan ríkir, hinn alfullkomni persónuleiki guðdómsins, sem sendir sín skapandi viljaskeyti með hugans hraða gegnum alla sína dásamlegu alheims verund.

74

For Asthma During Winter.

Undursamleg lækninaðferð, sem komið hefir til bjargar Asthma-sjúklingum og stöðvað verstu köst. — Sendið í dag eftir ókeypis lækningu.

Ef þú þjáist af afskaplegum Asthma-köstum, þegar kalt er og rakt; ef þú ferð andköf eins og hver andardrátturinn ætlaði að verða þinn síðasti; láttu þá ekki hjá liða að senda strax til Frontier Asthma Co. og fá að reyna ókeypis undralækningu þeirra. Það skiftir engu máli hvar þú býr, eða hvort þú hefir nokkra trú á nokkru meðali hér á jörðu; gerðu þessa ókeypis tilraun. Hafirðu þjáðst alla æfi, og leitað ráða alstaðar þar, sem þú hélst að duga myndi á móti hinum hræðilegu Asthma-köstum; ef þú ert orðinn kjark- og vonlaus, þá sendu eftir þessu meðali.

Það er eini vegurinn fyrir þig, til að fá vitneskju um hvað, framfarirnar eru að gera fyrir þig, þrátt fyrir öll vonbrigði þín í leit þinni eftir bjargráðum gegn Asthma. Gerðu þess vegna þessa ókeypis tilraun. Gerðu hana nú. Vér auglýsum þetta, svo að hver sjúklingur geti notið þessarar framfara aðferðar, og byrjað ókeypis á þessari læknisaðferð, sem þúsundir manna nú viðurkenna að vera mestu blessunin, sem mætt hefir þeim á lifsleiðinni. Sendu miðann í dag. Frestaðu því ekki.

FREE TRIAL COUPON
FRONTIER ASTHMA CO.,
Room 1266 D.
Nigara and Hudson Sts.,
Sendið ókeypis lækningaraðferð yðar til:
.....
.....
.....

HEIMSKRINGLA
hefir til sölu námsskeið við beztu
VERZLUNARSKÓLA
í borginni með afföllum. Þeir sem vilja hagnýta sér þessi kjörkaup, ættu að finna ráðsmanninn tafarlaust.

CANADIAN NATIONAL RAILWAYS

Fólksflutningur Til Canada

Sambandsstjórnin í Canada hefir falið Canadian National Railways að vedja og flytja til Canada innflytjendur, sem æskilegt er að fá og sem hægt er að útvega hentugt jarðnæði.

Canadian National Railways, gefur þeim nauðsynleg skírteini, sem uppfylla skilyrði innflutningslaganna.

Til þess að tryggja það sem bezt, að alt gangi vel, gerði fólk af þessum þjóðflokkum vel í því, að ferðast með Canadian National Railway: Polish, Russians, Ukranians, Roumanians, Hungarians, Austrians, Germans, Czecho-Slovakians, Jugoslavians, Lithuanians, Latvians og Esthonians.

Ef þú hefir frændur eða vini í Norðurálfu, sem þú vilt hjálpa til að koma til Canada, þá findu næsta umboðsmann Canadian National Railway's, eða skrifaðu á þínu eigin máli.

ALLOWAY & CHAMPION,
667 Main Street.
Winnipeg, Man.

Paulin's REGISTERED CHOCOLATES

Búið til í Vestur-Canada.
Þér fáið þær alveg "nýjar"
Kaupið þær í pundatali —það er ódýrt.
Paulin Chambers Co. Ltd.
Est. 1876
6 REGINA SASKATOON WINNIPEG CALGARY EDMONTON

Robin Hood Flour

GOÐAR MATREIÐSLU KONUR eiga skilið GOTT HVEITI.

Gefið góðri matreiðslukonu gott hveiti, til að hún öðlist bezta árangur. Robin Hood hveiti er afbragðs vel malað úr völdu, hörðu vorhveiti. Og gæðin eru jöfn. Sérhver poki er öðrum jafngóður.

litla, sem það
Vel virði þess
er dýrara.